

## **Skýrsla stjórnar**

Stjórn SKÍ fyrir árið 2010-2011 skipuðu

Páll Grétarsson formaður, Guðmundur Jakobsson varaformaður, Óskar Garðarsson gjaldkeri, Birgir Gunnarsson ritari, Arnar Gauti Reynisson, Árni Rudólf Rudólfsson og Björn Gunnarsson meðstjórnendur. Í varastjórn sátu Dagný Linda Kristjánsdóttir, Helgi Geirharðsson og Óskar Óskarsson.

Stjórnin hélt 8 bókaða fundi á starfsárinu og voru þeir allir haldnir á höfuðborgarsvæðinu að utan tveir, sem haldnir voru á Akureyri. Bæði aðalmenn og varamenn voru boðaðir til allra funda stjórnar. Auk formlegra funda eru stjórnarmenn í tölvu- og símasambandi um málefni hreyfingarinnar, sumir daglega og jafnvel oft á dag, aðrir sjaldnar.

Starf Skíðasambands Íslands er drifið áfram af starfi nefnda sambandsins og stjórnarfundir í raun fyrst og fremst vettvangur samstarfs og ákvarðanatöku. Hér að neðan er stiklað á stóru í helstu verkefnum vetrarins. Ítarlegri upplýsingar um starfið er síðan að finna í skýrslum nefnda.

### **Alpagreinar**

Björgvin Björgvinsson tók sjálfur þá ákvörðun í upphafi tímabils að leggja alla áherslu á keppni í svigi í Heimsbikar og á HM í Garmish. SKÍ gerði sérstakt samkomulag við Björgvin um þá útgerð og hann réði Fjalar Úlfarsson sem sinn aðstoðarmann.

Aanen Giverhaug var ráðinn landsliðspjálfari alpagreina í lok sumars. Því miður kom fljótlega í ljós að ekki hafði tekist vel til með ráðninguna og lauk samstarfinu við Aanen snemma hausts. Í framhaldinu var ákveðið að ráða þjálfara verkefnabundið til að sinna tilteknum verkefnum út veturinn. Árni Þór Árnason og Guðmundur Sigurjónsson sinntu afmörkuðum verkefnum í vetur, Árni með karlaliði en Guðmundur með kvennaliðinu auk þess sem Fjalar Úlfarsson starfaði með Björgvin Björgvinssyni. Þá var Árni Þór þjálfari á HM unglinga og HM í Garmish. Fjalar Úlfarsson var einnig þjálfari á HM.

SKÍ hefur nú enn á ný auglýst eftir landsliðspjálfara til starfa og rennur umsóknarfrestur um starfið út n.k. þriðjudag. Gert er ráð fyrir að ráðinn verði þjálfari sem beri ábyrgð á verkefnum landsliðsins fram yfir Vetrarólympíuleikana í Sochi 2014.

Íris Guðmundsdóttir hefur tilkynnt að hún muni ekki gefa kost á sér í landslið Íslands á komandi tímabili. Írisi er þakkað fyrir hennar mikilvæga framlag til íþróttarinnar.

### **Skíðaganga**

Verkefni skíðagöngumanna voru hefðbundin á árinu. Það er kraftmikill en því miður allt of fámennur hópur sem heldur úti skíðagöngustarfi sambandsins. Ágætt samstarf við Linus Davidsson landsliðspjálfara hefur reynst sambandinu farsælt og leiðir vonandi til samfellu í starfinu til framtíðar.

### **Fræðslumál**

Fræðslunefnd vann á árinu að gerð fræðsluefnis og fékk til verkefnisins styrk úr Íþróttasjóði. Mikilvægt er að stíga fleiri markviss skref í þá átt að koma fræðslumálum SKÍ í fastan farveg og tryggja námskeiðahald á vegum sambandsins til framtíðar.

### **Mótamál**

Snjóalög í vetur voru víða meiri og betri en oft áður, þó veður hafi sett nokkur strik í reikninginn varðandi mótahaldið, sérstaklega norðan lands.

Bikarmót SKÍ í alpagreinum og skíðagöngu voru haldin með hefðbundnum hætti. Nokkuð var um frestanir móta og að lokum var gripið til þess ráðs að gera keppni í alpagreinum í 13-14 ára flokki á Andrésar Andarleikum að síðasta bikarmóti vetrarins.

Skíðamót Íslands var nú haldið í Reykjavík í fyrsta skipti í langan tíma og tókst mótið í alla staði mjög vel. Það er ánægjufni að skíðafélögin á höfuðborgarsvæðinu eigi með sér öflugt samstarf um framkvæmd stærri móta.

Unglingameistaramót Íslands var haldið á Akureyri og var framkvæmd þess til fyrirmyndar.

Gangur himintungla hafði í ár áhrif á mótatöflu sambandsins með þeim hætti að færa þurfti Andrésar Andar leika af hefðbundinni dagsetningu sumardegnum fyrsta þar sem sá dagur lenti á Skírdegi og ekki mögulegt að halda Andrésar Andar leikana á páskum í Hlíðarfjalli. Leikarnir voru því færðir yfir á virka daga í vikunni eftir páska. Framkvæmd þeirra tókst mjög vel að vanda þó þátttakendur væru nokkuð færri en árið áður.

Fossavatnsgangan er elsta skíðamót á Íslandi en hún fór fyrst fram árið 1935. Gangan hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem hátíð skíðagöngumanna um leið hún er annað af tveimur fjölmennustu skíðamótum landsins. Keppendur í ár voru á fjórða hundrað.

## Fjármál

Umsvif sambandsins hafa minnkað í takt við almenna þróun í íslensku samfélagi auk þess sem starfið fyrstu 2 ár nýrrar ólympíöðu kallar jafnan á aðrar áherslur en þegar nær dregur Ólympíuleikum. Þrátt fyrir samdrátt í tekjum hefur okkur tekist að halda rekstrinum réttu megin við strikið eftir lítils háttar taprekstur undanfarin tvö ár. Minni umsvif alpagreina en að var stefnt má að hlut rekja til breytinga sem urðu í þjálfaramálum og fyrirkomulagi landsliða á árinu.

Fjárhagsnefnd vann að öflun nýrra styrktaraðila á starfsárinu og endurgerð samninga við aðra. Þá kom fjárhagsnefnd að útgáfu skíðahandbókarinnar sem er verkefni sem fest hefur sig í sessi og skilar hagnaði.

Skíðasambandið er nánast skuldlaust og ekki um neinar langtíma skuldbindingar að ræða.

## Fagteymi SKÍ

Stjórn SKÍ hefur á undanförunum vikum rætt stofnun fagteymis SKÍ sem ætlað er tryggja landsliðsfólkinu okkar öflugna þjónustu og stuðning varðandi heilbrigðismál. Gert er ráð fyrir að að teyminu komi læknar, sjúkráþjálfarar, sálfræðingar, næringarráðgjafar og fleira fagfólk. Endanleg útfærsla þessa verkefnis bíður nýrrar stjórnar.

## Snjóframleiðsla

Ekki verður lokið skýrslu stjórnar SKÍ fyrir starfsárið 2010 – 2011 án þess að minnst sé á snjóframleiðslu. Á síðasta skíðaþingi voru samþykktar ályktanir til sveitarafélaga á höfuðborgarsvæðinu um nauðsyn snjóframleiðslu á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðsins. Þeirri ályktun var fylgt eftir með bréfskriftum til sveitarstjórnarmanna, leiðara formanns í handbók SKÍ og setningarræðu Skíðamóts Íslands í Ráðhúsi Reykjavíkur. Því miður hafa engin viðbrögð verið við viðleitni okkar til að þrýsta á þetta mikilvæga verkefni.

Sem betur fer komu æðri máttarvöld skíðahreyfingunni til hjálpar á ögurstundu og tryggðu ásættanlega opnun í Bláfjöllum í vetur auk frábærra aðstæðna fyrir Skíðamót Íslands.

Að endingu vil ég þakka meðstjórnarmönnum mínum, nefndarmönnum og skíðahreyfingunni allri fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári. Þá er framkvæmdastjóra sambandsins þökkun óeigingjörn störf í þágu hreyfingarinnar.

F.h. stjórnar SKÍ

Páll Grétarsson, formaður.

## Skýrsla alpagreinaneftndar 2010-2011

Alpagreinaneftnd skipuðu Arnar Gauti Reynisson, Einar Þór Bjarnason, Helga Björk Árnadóttir, Sindri Már Pálsson og Ögmundur Knútsson.

Alpagreinaneftnd tók til starfa að loknu skíðþingi í maí 2011. Fyrsta verkefnið var að koma með tillögu að landsliðsþjálfara til stjórnar SKÍ. Alpagreinaneftnd mælti með Ánen Giverhaug og var hann ráðinn sem landsliðsþjálfari SKÍ. Guðmundur Sigurjónsson var ráðinn sem kvennalandsliðsþjálfari og sinnti hann ákveðnum verkefnum yfir veturinn. Samið var við Björgvin Björgvinsson um styrki frá SKÍ til þátttöku í svigi í heimsbikarnum.

Alpagreinaneftnd í samráði við nýráðinn landsliðsþjálfara breytti uppsetningu liða SKÍ síðastliðið sumar. Í stað þess að vera með karlalið og kvennalið með tiltölulega fáum einstaklingum og stórt unglingslið var valinn æfingarhópur SKÍ. Æfingarhópurinn samanstóð af 8 bestu einstaklingum skv. FIS lista í hverri grein ásamt einum strák og einni stelpu fæddum 1995, alls taldi hópurinn 25 iðkenndur. Til stóð að þessi stóri hópur færi í æfingaferð til Noregs í ágúst undir stjórn landsliðsþjálfara en þar sem aðstæður voru ekki nógu góðar voru haldnar þrekæfingabúðir í Reykjavík um miðjan ágúst. Að loknum þessum þrekæfingabúðum var valinn landsliðshópur SKÍ og hann skipuðu veturinn 2010-2011:

Björgvin Björgvinsson Dalvík, Erla Ásgeirsdóttir BBL, Fanney Guðmundsdóttir Ármanni, Freydís Halla Einarsdóttir Ármanni, Íris Guðmundsdóttir SKA, Katrín Kristjánsdóttir SKA, María Guðmundsdóttir SKA, Brynjar Jökull Guðmundsson Víking, Jakob Helgi Bjarnason Dalvík, Jón Gauti Ástvaldsson Víking, Róbert Ingi Tómasson SKA, Sigurgeir Halldórsson SKA og Sturla Snær Snorrason Ármanni.

Fyrsta verkefni landsliðshóps voru æfingabúðir á Juvass jökli í Noregi í lok september. Til viðbótar landsliðshóp var æfingarhóp boðið á æfinguna og hann skipuðu:

Elín Jónsdóttir Isafirði, Erla Guðný Helgadóttir KR, Lovísa Mjöll Guðmundsdóttir Ármanni, Thelma Rut Jóhannesdóttir Ísafirði, Einar K. Kristgeirsson IR, Hjörleifur Einarsson Dalvík, Magnús Finnsson SKA

Í þessari fyrstu ferð nýráðins landsliðsþjálfara kom upp trúnaðarrestur á milli hans, alpagreinaneftndar og framkvæmdastjóra SKÍ. Niðurstaðan varð sú að Ánen sagði upp störfum í október. Alpagreinaneftnd afréð að ráða ekki þjálfara í hans stað.

Landsliðsfólk SKÍ lét þetta ekki slá sig útaf laginu. Í október æfðu Björgvin Björgvinsson og Sigurgeir Halldórsson undir stjórn Fjalars Úlfarssonar í Sölden í Austurríki. Freydís Halla Einarsdóttir fór til æfinga hjá Guðmundi Sigurjónssyni í Austurríki í október. Aðrir æfðu með sínum félagsliðum og skíðamenntaskólum.

Í nóvember stóð SKÍ fyrir æfingabúðum í Geilo í Noregi. Markus Jakobson þjálfari SKA var fenginn til að halda utan um strákana og æfðu og kepptu þeir í Geilo og Hemsedal í um tvær vikur. Guðmundur Sigurjónsson var með æfingabúðir fyrir ungar og efnilegar skíðastúlkur og voru fimm boðaðar í um þriggja vikna æfingabúðir hjá honum í Geilo í nóvember. Þessum æfingabúðum lauk með þátttöku í FIS mótum þar sem nokkrar stúlkanna fengu sína fyrstu FIS punkta.

Í nóvember hófst langþráð keppnistímabil í heimsbikar í svigi hjá Björgvini Björgvinssyni. Fyrsta mót vetrarins fór fram í Levi í Finnlandi og tókst Björgvini ekki að klára fyrri ferð. Næsta mót í heimsbikarnum var í Val d'Sere í Frakklandi í byrjun

desember, þar náði Björgvin ekki að vera á meðal 30 fyrstu í fyrri ferð til að komast í seinni ferð.

Í lok nóvember náði María Guðmundsdóttir frábærum árangri á sterku svig móti í Geilo þegar hún varð í 21. sæti og fékk 32,91 FIS punkt.

Um miðjan desember var haldin samæfing landsliðshóps á Akureyri undir stjórn Markusar Þjálfara SKA. Veðráttan var með eindæmum óhagstæð og var ekkert hægt að komast í fjallið þessa þrjá daga sem æfingin stóð yfir.

Í lok desember fóru fram fyrstu mót keppnistímabilsins á Íslandi. Tvö svig mót voru haldin á Akureyri, sigurvegarar í karlaflokki voru Björgvin Björgvinsson og Brynjar Jökull Guðmundsson og í kvennaflokki vann Fanney Guðmundsdóttir bæði mótin. Í byrjun janúar valdi alpagreinanevnd eftirtalda til þátttöku á HM unglunga í Crans Montana í febrúar 2012:

Sigurgeir Halldórsson SKA, Jón Gauti Ástvaldsson SKRR, Róbert Ingi Tómasson SKA, Sturla Snær Snorrason SKRR, Magnús Finnsson SKA, Einar Kristinn Kristgeirsson SKRR, María Guðmundsdóttir SKA, Katrín Kristjánsdóttir SKA, Fanney Guðmundsdóttir SKRR, Erla Ásgeirsdóttir BBL og Freydís Halla Einarsdóttir SKRR Valið var eftir stöðu á heimslista, þ.e. fjórir bestu af hvoru kyni í svigi og stórsvigi. Sama aðferðafræði var notuð við val á HM í Garmisch-Partenkirchen í febrúar og þar voru eftirtaldir valdir til keppni:

Björgvin Björgvinsson Dalvík, Brynjar Jökull Guðmundsson SKRR, Sigurgeir Halldórsson SKA, Jón Gauti Ástvaldsson SKRR, Gunnar Þór Halldórsson SKA, Iris Guðmundsdóttir SKA, Katrín Kristjánsdóttir SKA, María Guðmundsdóttir SKA og Fanney Guðmundsdóttir SKRR

Í janúar hélt keppnistímabilið áfram í heimsbikarnum í svigi, Björgvin keppti á fimm mótum en tókst aldrei að komast niður í fyrri ferð.

Febrúar var annasamur mánður hjá SKÍ og Alpagreinanevnd. Sendur var 14 manna hópur í tveggja vikna æfinga og keppnisferð á HM unglunga. Til viðbótar 10 keppendum voru þjálfararnir Markus Jakobson og Árni Þór Árnason, fararstjórar voru Einar Þór Bjarnason og Tómas Ingi Jónsson. Árangur íslensku krakkana á HM unglunga var eftirtektaverður, Freydís Halla Einarsdóttir varð í 37. sæti í stórsvigi en í 2. sæti í 15-16 ára flokki og hlaut hún verðlaun fyrir vikið. Þetta var í fyrsta skipti sem íslenskur kvennkeppandi vinnur til verðlauna á HM unglunga. Þessa árangurs var vel getið í fjölmiðlum innanlands. Einn keppandi keppti í öllum fjórum greinum og var það Sigurgeir Halldórsson. Alpagreinanevnd telur að ferðin á HM unglunga hafi nýst okkar efnilegustu skíðamönnum vel, sér í lagi æfingarnar og mótin fyrir sjálft heimsmeistarmótið. Það er mikilvægt að krakkarnir öðlist reynslu á erlendum vettvangi af bæði mótum og æfingum.

Að loknu HM unglunga tók HM fullorðinna við. Þangað var sendur 11 manna hópur. Alls voru sjö keppendur, tveir þjálfarar þeir Árni Þór Árnason og Fjalar Úlfarsson og tveir fararstjórn þeir Guðmundur Jakobsson og Árni Rúdolfsson. Í kvennaflokki kepptu Íris Guðmundsdóttir og Katrín Kristjánsdóttir í svigi og stórsvigi og tókst þeim ekki að skila sér í mark. Í karlaflokki var undankeppni í svig og stórsvigi og náði Jón Gauti Ástvaldsson bestum árangri í undankeppni í stórsvigi þar sem hann hafnaði í 52. sæti og fékk 84,98 FIS punkta sem dugði þó ekki til að komast í aðalkeppnina. Í undankeppni í svigi skilaði enginn sér í mark en Brynjar Jökull átti góða möguleika á að komast í aðalkeppnina eftir fyrri ferð í undankeppni en datt úr leik í seinni ferð.

Björgvin Björgvinsson þurfti ekki að taka þátt í undankeppni í svigi. Í aðalkeppninni tókst honum ekki að klára fyrri ferð.

Árangur okkar keppenda á HM var undir væntingum, munar þar mest um að Björgvin Björgvinsson skildi ekki ljúka keppni í svigi. Hjá stúlkunum er erfitt að átta sig á hvar þær standa gagnvart þeim bestu í heimi þegar þær komast ekki í mark. Mikilvægt er að muna flestir okkar keppenda eru ungir að árum og vafalaust mun reynsla þessa heimsmeistarmóts nýtast þeim vel á komandi stórmótum.

Í febrúar var Guðmundur Sigurjónsson öðru sinni með æfingabúðir fyrir ungar og efnilegar skíðastelpur. Í þetta sinni í Kongsberg í Noregi. Alls tóku sex stelpur þátt í æfingum og mótum undir hans stjórn í um vikutíma.

Ólympíuleikar Evrópu æskunnar fór fram í Liberec í Tékklandi í febrúar. Fyrir hönd SKÍ kepptu átta keppendur í alpagreinum og valdi alpagreinanefnd eftirtalda til keppni: Erla Ásgerisdóttir, Freydís Halla Einarsdóttir, Helga María Vilhjálmsdóttir, Lovísa Mjöll Guðmundsdóttir, Einar Kristinn Kristgeirsson, Jakob Helgi Bjarnason, Róbert Ingi Tómasson og Sturla Snær Snorrason. Þjálfari var Arnór Þorkell Gunnarsson. Því miður urðu nokkrir keppendur fyrir því að skíðin þeirra komust ekki á leiðarenda á réttum tíma og þurftu þeir að keppa á lánsskíðum. Bestum árangri í mótinu af Íslendingum náði Einar Kristinn Kristgeirsson þegar hann lenti í 19. sæti í svigi og fékk hann fyrir það 74,15 FIS punkta. Bestum árangri stúlkna náði Freydís Halla Einarsdóttir í svigi þegar hún endaði í 26. sæti sem gaf 76,66 FIS punkta. Árangur íslensku keppenda í mótinu var ágætur og stóð þá árangur þeirra í svigi uppúr.

Topolino barnamótið var haldið í mars á Ítalíu. Fyrir Íslands hönd kepptu Alexía María Gestsdóttir Ólafsfirði, Kristín Rut Gunnarsdóttir SKA, María Eva Eyjólfsdóttir SKRR, Sigurður Hauksson SKRR, Arnar Ingi Kristgeirsson SKRR og Arnór Reyur Rúnarsson Dalvík. Þjálfari hópsins var Þórður Hjörleifsson og fararstjóri var Eyjólfur Hilmarsson. Bestum árangri náðu krakkarni í svigi þar sem María Eva varð í 25. sæti og Sigurður í 29. sæti og er það glæsilegur árangur.

Yfirferð þeirra verkefna sem alpagreinanefnd SKÍ hafði beina aðkomu að í vetur er þá lokið. Fjöldi iðkenda fékk tækifæri til þátttöku í verkefnum á vegum SKÍ. Um 18 stelpur og 20 strákar tóku þátt eða fengu boð um þátttöku í einu eða fleirum verkefnum. Til samanburðar voru um 40 stelpur og 50 strákar sem tóku þátt í Skíðalandsmóti Íslands 2011. Það er von alpagreinanefndar að þátttaka þessa fjölda í verkefnum SKÍ efli áhuga iðkendanna og þar með starf félaganna í landinu og sporni við brottfalli úr íþróttinni.

Skýrsla skíðagöngunefndar tímabilið 2010-2011:

### Skipan nefndarinnar.

Skíðagöngunefnd er skipuð eftirtöldum aðilum:

Birgir Gunnarsson sem er formaður

Ólafur Björnsson Akureyri

Heimir Hansson Ísafirði

Jakob Einar Jakobsson Reykjavík

Verkefni nefndarinnar eru fyrst og fremst að halda utan um landslið Íslands í skíðagöngu þ.e. velja í liðin, þjálfun, skipuleggja verkefni s.s. samæfingar, keppnisferðir erlendis, aðstoða með búnaðarmál o.fl. Auk þess að koma á framfæri almennri fræðslu og upplýsingum um íþróttina.

Í sumarbyrjun var endurnýjaður samningur við Linus Davidsson um að halda áfram sem landsliðsþjálfari. Linus er búsettur í Jönköping í Svíþjóð, fyrrum keppnismaður á skíðum en starfar nú sem kennari við skíðamenntaskóla í Jönköping. Einnig sinnir hann fræðslumálum fyrir sænska Skíðasambandið auk þess að sinna annari þjálfun. Linus kom til landsins um Verslunarmannahelgina og var þá boðað til opinnar samæfingar á Steinsstöðum í Skagafirði. Auk landsliðsmanna bauðst öllu keppnisfólki í skíðagöngu að taka þátt í síðari hluta samæfingarinnar. Þessu var mjög vel tekið og mætti fjöldi manns á Steinsstaði þ.e. bæði iðkendur og foreldrar með yngri krökkunum. Þetta fyrirkomulag heppnaðist mjög vel og var mæting framar öllum vonum, veðrið lék við hópinn og má telja víst að samæfing með þessu fyrirkomulagi verður endurtekin næsta sumar.

Linus kom svo aftur til landsins í október og hélt fjölmenna samæfingu í Reykjavík. Samhliða samæfingunni hélt hann þjálfaranámskeið sem var vel sótt af skíðagönguþjálfurum af öllu landinu.

Samstarfið við Linus hefur verið ánægjulegt og hefur hann nýst afar vel í starfi sínu sem landsliðsþjálfari. Þar að auki hefur hann alfarið tekið að sér samninga um búnaðarkaup fyrir liðið og hafa náðst hagstæðir samningar á öllum sviðum hvað búnað snertir. Einnig hefur hann sambönd sem hafa skilað hagstæðum kjörum á gistingu í Svíþjóð fyrir okkar liðsmenn.

Samningurinn við Linus gerði ráð fyrir að A-liðið yrði búsett í Jönköping frá október og fram í mars. Auk þess sem hann setti upp æfingaáætlun og fylgdi þeim eftir í gegnum tölvupóstsamskipti við liðsmenn. Þeir Andri og Brynjar fóru því út til Jönköping í október og æfðu og kepptu við bestu skilyrði. Þeir kepptu undir merkjum Hallby Skidklubb á mótum í Svíþjóð auk þess að fara með klúbbnum í tvær viku samæfingar fyrst til Idrefjäll og síðan til Bruksvallarna. Strákarnir náðu góðum úrslitum í mótum á fyrri hluta vetrar og voru þá að bæta punktastöðu sína verulega frá fyrra ári.

Þessa dagana standa yfir samningaviðræður við Linus um áframhald á því góða samstarfi sem hafið er. Það er vilji beggja aðila að halda því áfram og vonumst við til að allir endar verði hnýttir að þessu leiti fyrir lok maí.

### Landslið.

Nefndin tók þá ákvörðun að velja tvo einstaklinga í A landslið en auk þess að velja yngra lið þar sem miðað yrði við keppendur á aldrinum 16-19 ára. Yngra liðið er skipað unglingum sem fædd eru 1991-1994. Skipan liðanna keppnistímabilið 2010/2011 var eftirfarandi:

A-landlið:       Andri Steindórsson, Akureyri  
                      Brynjar Leó Kristinsson, Akureyri

Yngra lið:         Gunnar Birgisson, Mosfellsbæ  
                      Sindri Freyr Kristinsson, Akureyri  
                      Kristinn Þráinn Kristjánsson, Akureyri

#### Verkefni:

Sem fyrr segir voru haldnar tvær samæfingar undir stjórn Linusar, fyrir bæði lið í ágúst og október. A-liðið var síðan við æfingar og keppni í Svíþjóð og var mesta áherslan á mót í Svíþjóð þ.e. bæði FIS mót og félagsmót hér og þar í Svíþjóð. Andri tók einnig þátt í Vasagöngunni og Brynjar í SkautaVasa. Strákarnir fengu góða reynslu af því að æfa og keppa við bestu aðstæður undir handleiðslu Linusar og fékkst mjög góð reynsla af þessu fyrirkomulagi. Samstarfið við Hallby skidklubb gekk afar vel og fengu strákarnir heilmikið út úr því s.s. að æfa með klúbbum og keppa á hans vegum víðsvegar um Svíþjóð. Klúbburinn sá þeim fyrir ferðum á öll mót og þjónustu í kringum smurningu á skíðum o.fl.

Stefnt er að svipuðu uppleggi varðandi A-liðið næsta tímabil þ.e. að þeir verði búsettir í Svíþjóð frá október og fram í mars. Langtímamarkmiðin eru að sjálfsögðu að eiga þátttakendur á næstu Olympíuleikum. Til þess að það geti orðið þurfa okkar menn að bæta punktastöðu sína talsvert en við tókum eitt skref í einu og var veruleg framför hjá þeim í vetur. Í skíðagöngu eru ekki eins mörg FIS-mót eins og í alpagreinunum. Þó náðu Andri og Brynjar að keppa á nokkrum mótum í vetur og bæta punktastöðu sína verulega eins og áður sagði. En til þess að ná enn betri punktastöðu þurfa þeir að ná fleirum FIS-mótum og þess vegna gengur áætlun næsta árs út að að ferðast meira af þeim sökum. Næsta vetur er stefnt að þátttöku í sterkari mótum s.s. Skandinavisk Cup, Sænska meistaramótið og World Cup í Falun. Þetta mun þýða talsvert meiri fjárútlát vegna meiri ferðalaga.

Þeir Gunnar og Sindri úr yngra liðinu voru valdir til að vera fulltrúar Íslands á Olympíuhátíð Evrópuæskunnar sem fram fór í Liberec í Tékklandi í febrúar. Þetta var mikil upplifun fyrir strákana og mikil reynsla að fá að keppa á svo stóru móti við þá bestu í Evrópu í sínum aldursflokki. Strákanir stóðu sig með ágætum en keppt var við frekar erfiðar aðstæður þar sem snjóalög voru heldur rýr. Fararstjóri drengjanna var Daníel Jakobsson. Auk þessa tók Gunnar þátt í Halvbirken göngunni í Noregi sem er 28 km löng og stóð sig mjög vel. Gunnar tók einnig þátt í mótum í Svíþjóð í desember og Sindri tók þátt í móti í Svíþjóð í janúar og stóðu þeir sig með ágætum. Kristinn Þráinn Kristjánsson gat því miður ekki tekið þátt í ferðum yngra liðsins vegna veikinda og annara áfalla en hefur æft annars mjög vel.

Markmiðin fyrir yngra liðið næsta tímabil eru m.a. þátttaka í Olympíuleikum Unglinga sem fram fara í Innsbruck í Austurríki í febrúar. Þetta eru fyrstu leikarnir sem haldir hafa verið af þessu tagi.

Einnig er stefnan tekin á æfinga/keppnisferð fyrir yngra liðið eins og verið hefur.

#### Staða skíðagöngunnar.

Veturinn var ágætur fyrir skíðamenn og tókst að halda flest eða öll mót skv. mótaplani. Sérstaklega ánægjulegt var að hægt var að halda Skíðamót Íslands við góðar aðstæður í Bláfjöllum og hefur það án efa jákvæð áhrif á skíðahreyfinguna.

Ljóst er að grasrótastarf skíðagöngunnar þarf að eflast þannig að iðkendur haldist lengur í greininni. Brottfall er alltof mikið eftir að keppni á Andrésar Andarleikum lýkur og er það mikið áhyggjuefni. Þátttaka í skíðagöngu á UMÍ er langt frá því að vera viðunandi og þarf greinilega að gera átak í því að halda ungmennum innan greinarinnar áfram eftir að AA þátttöku lýkur. Þátttaka á Andrésarleikunum í ár var mjög góð en u.þ.b. 100 keppendur voru í skíðagöngu á leikunum þrátt fyrir erfiðann vetur hvað varðar snjóalög. Grasrótin þarf líka að huga að því að gera átak í því að halda stúlkum lengur inni skíðagöngunni en síðasta tímabil var t.d. engin stúlka í liðum í skíðagöngu á vegum SKÍ. Ánægjulegt er hversu mikil þátttaka var í skíðagöngunni á Andrésar Andarleikunum. En leikarnir fór fram við toppaðstæður að öllu leiti alla keppnisdagana.

Við eigum í dag mikið af ungu og efnilegu skíðagöngufólki sem við þurfum að hlúa að og hvetja með öllum ráðum. Þáttur í að aðstoða félögin í grasrótastarfinu er að standa fyrir námskeiðum og koma á góðum samskiptum milli félaga og eins milli félaga og Skíðasambandsins. Á námskeiðinu sem Linus Davidsson hélt í Reykjavík í haust var vinna lögð í þetta og komið á vísir að betra samstarfi félaga. Þetta er þó hlutur sem þarf að halda áfram með og vinna betur úr.

Skíðagöngunefnd hvetur mótshaldara í skíðagöngu bæði í Íslandsgöngum og bikarmótum til að vanda til við framkvæmd mótana. Mikilvægt er að mótshaldarar vandi til við umgjörð mótanna og að keppnisvöllurinn sé til sóma. Þarna skipta ýmis smáatriði heilmiklu máli s.s. merking brauta, marksvæði, öflugt hljóðkerfi, spiluð sé músík fyrir start og reynt að skapa þannig skemmtilega og jákvæða stemmingu kringum mótin. Þetta verður síðan til þess að skapa jákvæða upplifun bæði áhorfenda og keppenda og gæti verið leið til að vekja meiri áhuga fjölmiðla.

Það er afar mikilvægt fyrir framgang og vöxt skíðahreyfingarinnar að við séum vakandi fyrir því að nýta öll tækifæri sem gefast til að minna á okkur í fjölmiðlum landsins. Við þurfum að vera vakandi fyrir því að færa þá viðburði sem við stöndum fyrir nær fólkinu. Einnig er mikilvægt að passa uppá að úrslit móta ásamt umfjöllun og myndum séu send til fjölmiðla. Skíðasambandið þarf einnig að beita sér í því að samskipti og upplýsingamiðlun til fjölmiðla verði gerð skilvirkari með öllum ráðum.

F.h. Skíðagöngunefndar  
Birgir Gunnarsson formaður



# Skýrsla mótanefndar SKÍ fyrir starfsárið 2010 – 2011

Í mótanefnd 2010-2011 voru Óskar Óskarsson formaður, Gunnar Reynisson Akureyri, Benedikt Hermannsson Ísafirði og Kári Jóhannesson Akureyri.

Nefndin kom ekki öll saman á fundi en nefndarmenn voru í stöðugu sambandi í tölvupósti og síma .

Verklag mótanefndar við kynningu mótaskrár hefur verið í föstum skorðum undanfarin ár, mótaskrá vetrarins er kynnt á formannafundi sambandsins að hausti og aðildarfélögum/héruðum gefinn viku frestur til að gera athugasemdir. Engar athugasemdir bárust mótanefnd eftir formannafund haustið 2010. Ósk um tilfærslur á mótum komu síðar og kom mótanefndin til móts við þær. Reglan við tilfærslu móta hefur verið að ef ekki er hægt að halda bikarmót á tilsettum tíma er því frestað um eina viku. Ef það dugar ekki er næsta úrræði að flytja mót á varastað ef það er það eina í stöðunni. Í vetur gáfum við leyfi til þess að fresta einu móti í tvígang. Mótanefnd hefur þó samþykkt breytingar á einstökum mótahelgum í alpagreinum treysti mótshaldari sér til að halda tvöfalt mót í sömu grein þegar ekki eru aðstæður til að halda bæði svig- og stórsvigsmót á sama stað sömu mótisdaga. Varastaðir eru ekki settir upp fyrir Skíðamót Íslands og Unglingameistaramót vegna þess að mótunum hefur verið úthlutað með lengri fyrirvara skv. reglum SKÍ og hagsmunir mótshaldara það miklir að betra væri að viðkomandi mótshaldari leitaði leiða til að flytja mótið og halda það annars staðar, en að gefa það frá sér.

Þess ber að geta að mótanefnd SKÍ hefur haft það fyrir reglu að láta mótshaldara alfarið um að ákveða hvort mótafært er á fyrirhuguðum mótsstað eða ekki. Nefndin hefur ekki vald til þess að taka úthlutað mót af mótshaldara. Hlutverk mótanefndar er að bregðast við ef mótshaldari óskar eftir að fresta móti eða gefa það frá sér.

Nefndin hafði í mörgu að snúast þennan veturinn þar sem illa gekk að halda mótatöflunni á réttu róli vegna aðstæðna og mikið var um tilfærslur móta bæði í göngu og alpagreinum. Þá sér nefndin um að raða eftirlitsmönnum niður á mótin og gekk það ágætlega þennan veturinn í alpagreinum en verr í göngunni . Rétt er þó að brýna fyrir félögum og héruðum að tilnefna eftirlitsmenn þegar mótanefnd óskar eftir því. Ef ekki eru tilnefndir eftirlitsmenn þá eiga félög/héruð á hættu að fá ekki mótum úthlutað. Til tals hefur komið að úthluta ekki mótum til félaga/héraða næsta vetur sem ekki tilnefna eftirlitsmenn.

Eins og áður sagði gekk illa að að halda uppsettri mótatöflu í vetur bæði í alpagreinum og göngu og var veðrið þar í aðalhlutverki. Lítil snjór bæði á göngusvæðum og á skíðasvæðum var einnig vandamál framan af vetri, sérstaklega á skíðasvæði Ísfirðinga en úr því rættist lítilega þegar leið á veturinn. Þá var ekki keppnisfært á göngusvæði Ólafsfirðinga.

Meistaramót í 11-12 ára flokki átti að fara fram á Ísafirði 19-20. mars. Ósk um að færa mótið fram til 9-10 apríl kom frá mótshöldurum sem mótanefnd samþykkti. Ísfirðingar óskuðu síðan eftir að mótið yrði fært um viku vegna aðstæðna sem mótanefnd féllst á en það dugði skammt og mótið féll niður þetta árið. Á þessum tíma var tíminn til þess að finna mótinu annan stað naumur og því fóru málin á þennan veg í vetur enda komin miður apríl. Það er álit mótanefndar að mótið þurfi að vera fyrr þannig að meira svigrúm verði til þess að halda það ef aðstæður eru ekki fyrir hendi á ákveðnum dagsetningum. Eftir þennan vetur er ljóst að nýta verður betur þann tíma af vetrinum sem mestar líkur eru á að snjóalög séu í lagi. Reynsla síðustu ára er sú að frá lok janúar og fram í mars eru aðstæður oftast í lagi en á þessum tíma hefur þurft að stoppa mótahald, sérstaklega í alpagreinum vegna verkefna á

vegum SKI. Í vetur var ekkert keppt í flokki 15 ára og eldri fimm helgar í röð á þessum tíma vegna verkefna erlendis. Þegar svo löngum tíma er sleppt í mótahaldi má ekkert út af bera og auðvelt að lenda í vandræðum með að koma mótunum fyrir þegar líður á veturinn. Í vetur bjargaðist þetta þó hjá 15 ára og eldri í alpagreinum. Verr gekk að klára mótariðina í 13-14 ára flokki en þar var veðrið í aðalhlutverki og var mótum ítrekað frestað vegna veðurs. Á endanum fór svo að síðasta bikarmótið í þessum flokki var haldið á Andrésarleikunum en mótanefnd bað Andrésarmenn að bjarga málunum þegar allt var komið í hnút. Rétt er að þakka þeim fyrir að bregðast vel við beiðni mótanefndar SKI.

Skoða þarf hvort ekki eigi að hefja mótariðina fyrr, bæði bikar og FIS mótið í 15 ára og eldri og bikarmótið í 13-14 ára flokki og nýta janúar og febrúar betur. Einnig þarf að taka um það ákvörðun hvort stoppa eigi mótahald á meðan verkefni á vegum SKI eru í gangi erlendis. Mótanefnd SKI leggur til að mótataflan fyrir næsta vetur verði sett upp án tillits umræddra verkefna og annara verkefna sem félögin ákveða að taka þátt í. Án undantekninga verði mótatöflunni sem lögð verður fram fyrir keppnistímabilið 2011-2012 haldið, verði hún samþykkt. Þá verður að reikna með þeirri reglu sem mótanefnd vinnur eftir að mótum sé frestað um viku ef veður og aðstæður spilla mótahaldi. Félögin verða að taka það með í reikninginn þegar þau skipuleggja verkefni fyrir sína iðkendur. Mótanefnd vísar í reglur um útreikning bikarstiga.

Samskipti héraða við mótanefndarmenn í vetur voru almennt í góðu lagi. Þó ber að geta þess að mótanefndin fær fyrirspurnir frá mörgum aðilum innan sömu félaga eða liða sem oft á tíðum getur leitt til misvísandi upplýsinga. Við leggjum til að einn aðili úr hverju liði eða félagi verði tengiliður við mótanefnd hverju sinni og komi upplýsingum til sinna félaga. Tengiliður yrði tilnefndur um leið og sótt er um mót fyrir hvern vetur eða þegar mótanefnd óskar eftir því.

Undirbúningur móta. Mótanefnd leggur til að SKI hafi frumkvæði að því að gátlisti með aðalatriðum mótahalds verði gerður. Mótshaldari sendi síðan þennan lista útfylltan á formann mótanefndar hverju sinni fjórum dögum fyrir mót sem í flestum tilfellum yrði þá mánudagur fyrir mót. Eftirlitsmaður mótsins fái hann síðan í hendurnar á sama tíma og fengi því nákvæmar upplýsingar um undirbúning mótsins og hver er tengiliður mótshaldara. Með þessu verður mótanefnd og eftirlitsmaður betur upplýstir um undirbúning móta. Þetta verklag þekkjum við þegar erlendir eftirlitnemenn koma hingað á FIS mót.

Mót vetrarins í alpagreinum.

Skíðaráð Reykjavíkur hélt Skíðamót Íslands í Bláfjöllum og tókst mótshöldurum vel til með mótið og voru aðstæður góðar. Sama má segja með Unglingameistaramót Íslands sem fór fram í Hlíðarfjalli.

Icelandair Cup fór fram í Hlíðarfjalli dagana 9-10 apríl.

Andrésar Andar leikarnir fóru fram í Hlíðarfjalli dagana 26-29.apríl sem var aðeins seinna en vanalega og á öðrum tíma en vant er þar sem sumardaginn fyrsta bar upp á skýrdag. Mótið var glæsilegt að vanda en þetta voru 36 leikarnir. Þátttakendur voru nokkuð færri en 2010 eða um 650 talsins

Bikar og FIS mót í alpagreinum voru þessi:

15 ára og eldri.

FIS mót var haldir í Hlíðarfjalli 28-29. Desember 2010

FIS og bikarmót í Hlíðarfjalli 15-16. Janúar.

FIS og bikarmót á Dalvík/Ólafsfirði 26-27. Febrúar.

FIS og bikarmót á Ísafirði 12-13. Mars

FIS og bikarmót í Hlíðarfjalli 15-16. janúar

FIS og bikarmót í Oddskarði 19-20. Mars.

Skíðamót Íslands í Bláfjöllum 1-3. Apríl.

Icelandair Cup Akureyri 9-10 apríl.

13-14 ára.

Bikarmót á Dalvík/Ólafsfirði 5-6. Febrúar

Bikarmót í Stafdal 12-13. Mars

Unglingameistaramót Íslands 13-14 ára og 15-16 ára í Hlíðarfjalli 25-27. Mars.

Bikarmót á Andres 27-29. Apríl.

## SKÍÐAGANGA

### Bikarmót

Nú í vetur fóru fram þrjú bikarmót með þremur keppnisdögum. Þurfti strax í vetrarbyrjun að gera breytingar á mótaskránni en Skíðafélag Ólafsfjarðar og Skíðafélag Akureyrar skiptust á mótshelgum vegna snjóleysis á Ólafsfirði og því fór bikarmótið á Akureyri fram 4.-6.febrúar. Þegar kom að næsta bikarmóti 25.-27.febrúar var enn sama snjóleysið á Ólafsfirði og því skiptu þeir aftur og nú við Ísfirðinga um mótshelgi. Það var svo loks komið að bikarmóti Ólafsfirðinga 18.-20 mars sem jafnframt var Íslandsmeistarmót í lengri vegalengdum, en snjórinn hafði enn ekki látið sjá sig á Ólafsfirði og því hélt SÓ mótið í Hlíðarfjalli við ágætar aðstæður.

### Unglingameistaramót

Unglingameistaramótið fór fram á Akureyri og gekk keppnin í göngu vel, en keppt var í skíðagöngu með hefðbundinni og frjálsri aðferð og boðgöngu

### Skíðamót Íslands

Skíðamót Íslands fór fram í Reykjavík dagana 1.-3. aríl, og var þetta fyrsta sinn sem Skíðagöngufélagið Ullur sá um gönguhluta SMÍ og tókst framkvæmdin vel. Keppt var í sprettgöngu, skíðagöngu með frjálsri og hefðbundinni aðferð og lauk svo mótinu með boðgöngu.

### Andrésar Andar leikarnir

Andrésar leikarnir fóru fram í Hlíðarfjalli og voru leikarnir settir 26.apríl sem jafnframt var fyrsti keppnisdagurinn í skíðagöngunni en þá var gengið með hefðbundinni aðferð, á miðvikudag var keppt með frjálsri aðferð og á fimmtudag var boðganga og þrautabraut fyrir þau yngstu.

### Íslandsgangan

Það voru fimm héruð sem óskuðu eftir að halda mót innan raða Íslandsgöngunnar .

Skíðastaðagangan fór fram á Akureyri þann 15.janúar sem var jafnframt afmælisdagur Hermanns Sigtryggssonar og varð hann 80 ára þann dag.

Þann 12.febrúar átti Bláfjallagangan að fara fram en vegna veðurs var henni frestað um viku og fór hún fram 19.febrúar.

Strandagangan á Hólmavík var gengin 12.mars, tókst gangan mjög vel eins og alltaf áður og var almenn ánægja þátttakenda.

Buch-Orkugangan var nú í vetur í haldin sameiginlega af Húsvíkingum og Mývetningum í annað skipti. Gengnir voru 50 km en einnig var boðið upp á aðrar styttri vegalengdir.

Fossavatnsgangan er alltaf síðasta mót Íslandsgöngunnar og var á dagskrá 30.apríl. Þó nokkur fjöldi erlendra keppenda var skráður til leiks og mótið gekk vel og Ísfirðingum til mikils sóma.

Eftirlitsmenn í skíðagöngu

Enn eitt árið hefur verið erfitt að fá eftirlitsmenn til starfa á Bikarmótum, en í keppnisreglum fyrir skíðagöngu segir í grein 304.2.1.

*304.2.1 Á Skíðamóti Íslands, Unglingameistaramóti Íslands, og bikarmótum og öðrum keppnum á landsvísu skal eftirlitsmaður koma frá öðru héraði en því er heldur mótið. Þegar skíðahéruð sækja um mót til SKÍ skulu þau leggja fram einn mann úr sínum röðum sem tilbúinn er til eftirlitsmannastarfa á einu af mótum vetrarins. Á öðrum mótum getur eftirlitsmaður verið tilnefndur frá sama héraði og mótshaldari*

Því ætlum við að ganga eftir því að héruð/félög tilnefni eftirlitsmenn þegar þau sækja um mót, annars geta þau átt á hættu að fá ekki úthlutað móti á mótaskrá.

Að lokum þakka ég mótanefnd fyrir gott samstarf í vetur.

Óskar Óskarsson formaður mótanefndar SKÍ

## Skýrsla Fræðslunefndar SKÍ starfsárið 2010–2011

### Starfsemi 2010-2011

---

Á skíðþingi vorið 2010 var kosið sérstaklega í fræðslu- og útbreiðslunefndir, en áður var þessum nefndum slegið saman í eina. Kosningu fræðslunefnd hlutu Björn Gunnarsson, Gunnar H. Reynisson, Hildigunnur Svavarsdóttir og Ólafur H. Björnsson.

Hlutverk nefndarinnar er ekki vel skilgreint og litlu sem engu fé úthlutað til starfseminnar. Undirritaður telur að hlutverk nefndarinnar sé f.o.f. að standa fyrir styttri námskeiðum og stuðla að gerð fræðsluefnis sem nýtist á námskeiðum. Mikið vantar upp á að framboð á slíkum námskeiðum (þjálfaranámskeið, eftirlitsmannanámskeið, mótshaldaranámskeið) hafi verið nægilega mikið og samfelld og engin ástæða til að hæla nefndinni fyrir starfið á liðnu ári. Það er þó ekki hlaupið að því að fá hæfa leiðbeinendur til að halda námskeið. Ég tel að það sé afar mikilvægt að samvinna við landsliðsþjálfara sé góð, að þeir miðli af þekkingu sinni og aðstoði við að fá hæfa leiðbeinendur hingað. Því miður hefur þetta ekki gengið nægilega vel.

Linus, landsliðsþjálfari í skíðagöngu er áhugasamur um fræðslumál og hefur haldið styttri erindi og fyrirlestra fyrir skíðagöngumenn þegar tækifæri hafa gefist. Í lok október hélt hann þjálfaranámskeið á öðru stigi í Reykjavík. Þetta var góð blanda af verklegum og bóklegum þáttum. Farið var á hjólaskíði, hlaupið á ýmis konar áfangapjálfunum, farið í gegnum styrktar og samhæfingaræfingar. Einnig var farið í gengum þjálfunarþætti í bóklegu og síðan skapaðist mjög góð umræða um það hvað við getum gert til að halda iðkendum í íþróttinni og hvernig fá nýja iðkendur til liðs við okkur. Þátttakendur á námskeiðinu voru mjög virkir í þessum umræðum og komu fram margar og góðar tillögur. Ljóst er að góðar hugmyndir eru víða til og mikilvægt að skapa samstarfsgrundvöll til að þær skili sér út í félögin. Mjög góður rómur var gerður að þessu námskeiði.

Ánen, landsliðsþjálfari í alpagreinum, sýndi fræðslumálum einnig mikinn áhuga. Fræðslunefnd átti með honum fund síðsumars til að skipuleggja starf vetrarins og voru uppi áform um að fá hingað a.m.k. tvo mjög hæfa einstaklinga til að halda þjálfaranámskeið s.l. haust. Þau áform runnu algjörlega út í sandinn þegar Ánen lét skyndilega af störfum. Allar síðari tilraunir til að fá leiðbeinendur til að halda námskeið á stigi 2 mistókust, enda var þá liðið talsvert fram á haustið og menn bókaðir langt fram í tímann.

Helga Björk Árnadóttir og Þórður Georg Hjörleifsson skipulögðu og leiðbeindu á þjálfari 1 námskeiði í Reykjavík. Þau hafa ekki skilað skýrslu um námskeiðið til fræðslunefndar. Ég tel brýnt að þjálfari 1 námskeið verði haldið fyrir norðan í haust.

Ekki var talin mikil þörf á eftirlitsmannanámskeiði í alpagreinum, en stefnt er að því að halda námskeið í haust.

Nefndin stóð fyrir þýðingu á fræðsluefni fyrir þjálfara. Lokið er þýðingu á efni fyrir þjálfari 1 í alpagreinum en ekki er lokið þýðingu á þjálfari 2. Til greina kemur að birta þetta á vefsíðu SKÍ og/eða prenta í takmörkuðu upplagi. Styrkur fékkst úr Íþróttasjóði í fyrra til þessa og í ár fékkst annar styrkur upp á kr. 150,000 úr sama sjóði til að þýða og staðfæra fræðsluefni fyrir göngupjálfa. Vonast er til að einhver áhugasamur taki það verkefni að sér fyrir næsta vetur.

## Lokaorð

---

Leiðbeinendum og framkvæmdastjóra SKÍ er þakkað gott samstarf. Hildigunnur og Gunnar gefa ekki kost á sér aftur. Björn og Ólafur eru tilbúnir til að starfa áfram.

Björn Gunnarsson  
formaður fræðslunefndar SKÍ